

## SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

### 1. HEITI DÝRALYFS

FLORSELECT VET. 300 mg/ml stungulyf, lausn fyrir nautgripi og svín.

### 2. VIRK INNIHALDSEFNI OG STYRKLEIKAR

#### Hver ml inniheldur:

Virkt innihaldsefni:

Florfenicol 300 mg

Hjálparefni:

N-metýl pírrólídón 308 mg

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

### 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Svolítið gulleit og tær lausn.

### 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

#### 4.1 Dýrategund(ir)

Nautgripir og svín.

#### 4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Sjúkdómar af völdum baktería sem næmar eru fyrir florfenicoli:

##### Nautgripir:

Meðferð gegn sýkingum í öndunarfærum hjá nautgripum af völdum *Mannheimia haemolytica*, *Pasteurella multocida* og *Histophilus somni*.

##### Svín:

Meðferð gegn bráðum og skyndilegum öndunarfærasjúkdómum af völdum *Actinobacillus pleuropneumoniae* og *Pasteurella multocida* stofna.

#### 4.3 Frábendingar

Gefið ekki fullorðnum nautum eða göltum sem nota á til undaneldis.

Gefið ekki dýrum með ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

#### 4.4 Sérstök varnaðarorð

Engin.

#### 4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

##### Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Má ekki nota handa grísum sem vega innan við 2 kg.

Áður en hver skammtur er dreginn upp skal strjúka af himnunni.

Notið þurra, dauðhreinsaða sprautu og nál.

Notkun dýralyfsins skal byggja á næmisprófunum og taka skal tillit til opinberrar stefnu varðandi sýklalyfjanotkun á hverjum stað.

Ef lyfið er notað á annan hátt en mælt er fyrir um í samantektinni um eiginleika lyfsins getur það aukið algengi baktería sem eru þolnar gagnvart flórfeníkóli og dregið úr virkni meðferðar með öðrum amfeníkólum vegna hugsanlegs víxlþols.

##### Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Gæta skal varúðar og forðast að gefa sjálfum sér lyfið fyrir slysi.

Forðist snertingu við augu eða húð.

Ef lyfið berst í augu skal skola þau strax með hreinu vatni.

Ef lyfið berst á húð, skal skola húðina með hreinu vatni.

Þvoið hendur eftir notkun.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir florfenicoli, própýlenglýkóli eða pólýetýlenglýkóli skulu forðast snertingu við lyfið.

Rannsóknir á kanínum og rottum með hjálparefninu N-metýlpýrrólídón hafa sýnt fram á eiturvekanir á fóstur. Konur á barneignaraldri, þungaðar konur eða konur sem grunur leikur á að séu þungaðar ættu að nota dýralyfið með mikilli varúð til að forðast sjálfsinndælingu fyrir slysi.

##### Aðrar varúðarreglur

Notkun dýralyfsins getur skapað hættu fyrir plöntur á landi, blábakteríur og grunnvatnslífverur.

#### 4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

##### Nautgripir

Minnkuð fóðurneysla og skammvinn mýking saurs getur komið fram meðan á meðferðinni stendur. Dýrin ná sér hratt og að fullu að meðferðinni lokinni.

Gjöf dýralyfsins getur valdið bólgumeinsemdum á stungustað sem vara í allt að 14 daga.

##### Svín

Algengar skammvinnar aukaverkanir eru niðurgangur og/eða roðapöt/bjúgur í endaparmi eða í kringum endaparm sem getur komið fram hjá 50% dýranna. Þessi áhrif geta varað í eina viku.

Skammvinnur þroti, sem varir í allt að 5 daga getur komið fram á stungustað. Bólgumeinsemdir á stungustað geta verið sýnilegar í allt að 28 daga.

#### 4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins hjá nautgripum og svínum á meðgöngu, við mjólkurgjöf eða hjá dýrum sem ætluð eru til undaneldis. Rannsóknir á kanínum og rottum með hjálparefninu N-metýlpýrrólídón hafa sýnt fram á eiturvekanir á fóstur. Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings-áhættumati dýralæknis.

#### 4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

#### 4.9 Skammtar og íkomuleið

##### Nautgripir:

20 mg/kg líkamsþyngdar (1 ml af lyfinu fyrir hver 15 kg) með inndælingu í vöðva, tvisvar sinnum með 48 klst. millibili.

Þegar meðhöndla skal nautgripi þyngri en 150 kg skal skipta skammtinum þannig að ekki séu gefnir með inndælingu meira en 10 ml á hverjum stungustað.

##### Svín:

15 mg/kg líkamsþyngdar (1 ml af lyfinu fyrir hver 20 kg) með inndælingu í hálsvöðva, tvisvar sinnum með 48 klst. millibili.

Rúmmál gefið á hvern stungustað skal ekki vera yfir 3 ml.

Þegar meðhöndla skal svín þyngri en 60 kg skal skipta skammtinum þannig að ekki séu gefnir með inndælingu meira en 3 ml á hverjum stungustað.

Til að tryggja rétta skammtastærð skal ákvarða líkamsþungann eins nákvæmlega og kostur er svo komast megi hjá vanskömmtnun.

#### 4.10 Ofskömmtnun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Eftir gjöf á þreföldum ráðlögum skammti eða meira hjá svínum minnkaði fóðurneysla, vatnsneysla og þyngdaraukning. Eftir gjöf á fimmföldum ráðlögðum skammti eða meira hafa uppköst einnig komið fram.

#### 4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

##### Nautgripir:

Kjöt og innmatur: 30 dagar.

Má ekki nota handa dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

##### Svín:

Kjöt og innmatur: 18 dagar.

### 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Sýklalyf (antibacterials for systemic use (amfeníkól))  
ATCvet flokkur: QJ01BA90.

#### 5.1 Lyfhrif

Florfenicol er breiðvirkt sýklalyf sem hefur áhrif gegn flestum Gram-jákvæðum og Gram-neikvæðum bakteríum sem einangraðar hafa verið úr húsdýrum. Florfenicol verkar með því að hindra nýmyndun próteina í ríbósómum og er bakteríuhemjandi. Í *in vitro* rannsóknum á florfenicoli hefur það hins vegar sýnt barkteríueyðandi verkun gegn *Mannheimia haemolytica*, *Pasteurella multocida*, *Actinobacillus pleuropneumoniae* og *Histophilus somni*.

*In vitro* prófanir hafa sýnt að florfenicol er virkt gegn þeim sýkingavaldandi bakteríum sem oftast eru einangraðar vegna öndunarfarasjúkdóma hjá nautgripum (þ.m.t. *Pasteurella multocida*, *Mannheimia haemolytica* og *Histophilus somni*) og hjá svínunum (þ.m.t. *Actinobacillus pleuropneumoniae* og *Pasteurella multocida*).

## 5.2 Lyfjahvörf

### Nautgripir:

Hjá nautgripum viðheldur gjöf í vöðva á ráðlögðum 20 mg/kg skammti virkri þéttni í blóði í 48 klst. Meðalhámarksþéttni í sermi ( $C_{max}$ ), 2,55 míkrog/ml kemur fram 4,7 klst. ( $T_{max}$ ) eftir lyfjagjöf. Meðalþéttni í sermi 24 klst. eftir lyfjagjöf var 1,4 míkrog/ml. Samræmdur meðalhelmingunartími brotthvarfs var 26,2 klst.

### Svín:

Eftir fyrstu gjöf florfenicols í vöðva, fæst hámarksþéttni í sermi, á milli 1,9 og 3,1 míkrog/ml eftir 2,2 klst. og þéttin lækkar með lokahelmingunartíma brotthvarfs 35,5 klst. Eftir aðra gjöf í vöðva fæst hámarksþéttni í sermi, á milli 2,0 og 8,1 míkrog/ml eftir 1,7 klst. Þéttni florfenicols í lungnavef endurspeglar þéttni í plasma, hlutfall þéttni í lungum:plasma var u.þ.b. 1.

Florfenicol er skilið út hratt eftir gjöf í vöðva hjá svínunum, aðallega í þvagi. Umbrot florfenicols eru veruleg.

## 6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 6.1 Hjálparefni

N-metýl pírrólídón  
Glýcerólformal.

### 6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### 6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 2 ár.  
Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

### 6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í látið í ytri umbúðum.

### 6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Dýrallyfið er í 100 ml litlausum flöskum úr geri af tegund II og 50, 100 og 250 ml flöskum úr plasti, sem lokað er með gúmmítappa (polymeric elastomer) af tegund I, með álhettu.

Ein 50, 100 ml flaska eða ein 250 ml flaska í pappöskju.

Pakkningastærðir fyrir dýralæknastofur/dýraspítala eru einnig fánlegar:

10 x 100 ml, 10 x 250 ml, 12 x 100 ml, og 12 x 250 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

**6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra**

Farga skal öllum ónotuðum dýralyfjum eða úrgangi vegna dýralyfja í samræmi við gildandi reglur. Dýralyfið má ekki berast í vatnsföll þar sem florfenicol getur verið hættulegt fiski og öðrum vatnalífverum.

**7. MARKAÐSLEYFISHAFI**

LABORATORIOS HIPRA, S.A.  
Avda. la Selva, 135  
17170 Amer (Girona) Spánn

**8. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR**

IS/2/11/015/01

**9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS**

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis 20. maí 2011.  
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis 26. nóvember 2012.

**10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS**

28. mars 2024

## **A. ÁLETANIR**

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**

50 ml  
100 ml  
250 ml

**1. HEITI DÝRALYFS**

FLORSELECT VET.300 mg/ml stungulyf, lausn fyrir nautgripi og svín  
Florfenicol

**2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI**

Hver ml inniheldur:  
Flofenicol ..... 300 mg

**3. LYFJAFORM**

Stungulyf, lausn.

**4. PAKKNINGASTÆRÐ**

50 ml  
100 ml  
250 ml

**5. DÝRATEGUND(IR)**

Nautgripir og svín.

**6. ÁBENDING(AR)**

**7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.  
IM

**8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**

Biðtími fyrir afurðanýtingu:  
Nautgripir: Kjöt og innmatur: 30 dagar.  
Má ekki nota handa dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.  
Svín: Kjöt og innmatur: 18 dagar.

**9. SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR**

**10. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp:  
Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar  
Rofin pakkning notist fyrir:

**11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið ílátið í ytri umbúðum.

**12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á**

Förgun: sjá fylgiseðil.  
Dýrallyf má ekki berast í vatnsföll þar sem florfenicol getur verið hættulegt fiski og öðrum vatnalífverum.

**13. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN**

Dýrallyf.  
Lyfseðilsskylt.

**14. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

LABORATORIOS HIPRA, S.A.  
Avda. la Selva, 135  
17170 AMER (GIRONA)  
SPÁNN

**16. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

IS/2/11/015/01

**17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA**

Lot.:



**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**

50 ml  
100 ml  
250 ml  
10 x 100 ml  
12 x 100 ml  
10 x 250 ml  
12 x 250 ml

**1. HEITI DÝRALYFS**

FLORSELECT VET. 300 mg/ml stungulyf, lausn fyrir nautgripi og svín  
Florfenicol

**2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI**

Hver ml inniheldur:  
Flofenicol ..... 300 mg

**3. LYFJAFORM**

Stungulyf, lausn.

**4. PAKKNINGASTÆRÐ**

50 ml  
100 ml  
250 ml  
10 x 100 ml  
12 x 100 ml  
10 x 250 ml  
12 x 250 ml

**5. DÝRATEGUND(IR)**

Nautgripir og svín.

**6. ÁBENDING(AR)**

**7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)**

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.  
Til notkunar í vöðva.

## 8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími fyrir afurðanýtingu:

Nautgripir: Kjöt og innmatur: 30 dagar.

Má ekki nota handa dýrum sem gefa af sér mjólk til manneðis.

Svín: Kjöt og innmatur: 18 dagar.

## 9. SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

## 10. FYRNINGARDAGSETNING

Exp.:

Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar

## 11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið ílátið í ytri umbúðum.

## 12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Förgun: sjá fylgiseðil.

Dýrallyfið má ekki berast í vatnsföll þar sem florfenicol getur verið hættulegt fiski og öðrum vatnalífverum.

## 13. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Dýrallyf.

Lyfseðilsskylt.

## 14. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## 15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

LABORATORIOS HIPRA, S.A.

Avda. La Selva, 135

17170 AMER (GIRONA)

SPÁNN

**16. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

IS/2/11/015/01

**17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA**

Lotunr.:

## FYLGISEÐILL

FLORSELECT VET.

300 mg/ml stungulyf, lausn fyrir nautgripi og svín.

### 1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR

Markaðsleyfishafi og framleiðandi:

LABORATORIOS HIPRA, S.A.

Avda. la Selva, 135

17170 AMER (GIRONA) SPÁNN

### 2. HEITI DÝRALYFS

FLORSELECT VET. 300 mg/ml stungulyf, lausn fyrir nautgripi og svín.

### 3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

FLORSELECT VET. er svoltið gulleitt, tært stungulyf, lausn sem inniheldur:

Florfenicol 300 mg/ml

N-metýl pírrólídón 308 mg/ml

### 4. ÁBENDING(AR)

Sjúkdómar af völdum baktería sem næmar eru fyrir florfenicoli:

Nautgripir:

Meðferð gegn sýkingum í öndunarfærum hjá nautgripum af völdum *Mannheimia haemolytica*, *Pasteurella multocida* og *Histophilus somni*.

Svín:

Meðferð gegn bráðum og skyndilegum öndunarfærasjúkdómum af völdum *Actinobacillus pleuropneumoniae* og *Pasteurella multocida* stofna.

### 5. FRÁBENDINGAR

Gefið ekki fullorðnum nautum eða göltum sem nota á til undaneldis.

Gefið ekki dýrum með ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefna.

### 6. AUKAVERKANIR

**Nautgripir:** Minnkuð fóðurneysla og skammvinn myking saurs getur komið fram meðan á meðferðinni stendur. Dýrin ná sér hratt og að fullu að meðferðinni lokinni. Gjöf dýralyfsins getur valdið bólgumeinsemdum á stungustað sem vara í allt að 14 daga.

**Svín:** Algengar skammvinnar aukaverkanir eru niðurgangur og/eða roðapöt/bjúgur í endaparmi eða í kringum endaparm sem geta komið fram hjá 50% dýranna. Þessi áhrif geta varað í eina viku. Skammvinnur þroti, sem varir í allt að 5 daga getur komið fram á stungustað. Bólgumeinsemdir á stungustað geta verið sýnilegar í allt að 28 daga. Gerið dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

## 7. DÝRATEGUND(IR)

Nautgripir og svín.

## 8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

### Nautgripir:

20 mg/kg líkamsþyngdar (1 ml af lyfinu fyrir hver 15 kg) með inndælingu í vöðva, tvisvar sinnum með 48 klst. millibili.

Þegar meðhöndla skal nautgripi þyngri en 150 kg skal skipta skammtinum þannig að ekki séu gefnir með inndælingu meira en 10 ml á hverjum stungustað.

### Svín:

15 mg/kg líkamsþyngdar (1 ml af lyfinu fyrir hver 20 kg) með inndælingu í hálsvöðva tvisvar sinnum með 48 klst. millibili.

Þegar meðhöndla skal svín þyngri en 60 kg skal skipta skammtinum þannig að ekki séu gefnir með inndælingu meira en 3 ml á hverjum stungustað.

Til að tryggja rétta skammtastærð skal ákvarða líkamsþungann eins nákvæmlega og kostur er svo komast megi hjá vanskömmtnun.

## 9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

-

## 10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

### Nautgripir:

Kjöt og innmatur: 30 dagar.

Má ekki nota handa dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

### Svín:

Kjöt og innmatur: 18 dagar.

## 11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Notið ekki eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á miðanum á eftir Exp.

Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin: 28 dagar

Geymið í látið í ytri umbúðum.

Þegar ílátið er rofið (opnað) upphaflega skal skrá leyfilegan notkunartíma sem tilgreindur er í þessum fylgiseðli; dagsetninguna þegar farga skal sérhverjum lyfjaleifum sem í öskjunni eru.

## 12. SÉRSTÖK VARNADARORD

Notkun dýralyfsins skal byggja á næmisprófunum og taka tillit til opinberrar stefnu varðandi sýklalyfjanotkun á hverjum stað.

Má ekki nota handa grísum sem veга undir 2 kg.

Áður en hver skammtur er dreginn upp skal strjúka af himnunni.

Notið þurra, dauðhreinsaða sprautu og nál.

Gæta skal varúðar og forðast að gefa sjálfum sér lyfið fyrir slysi.

Forðist snertingu við augu eða húð.

Ef lyfið berst í augu skal skola þau strax með hreinu vatni.

Ef lyfið berst á húð, skal skola húðina með hreinu vatni.

Þvoið hendur eftir notkun.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir florfenicoli skulu forðast snertingu við lyfið.

Rannsóknir á kanínum og rottum með hjálparefninu N-metýlpýrrólídón hafa sýnt fram á eiturvekanir á fóstur. Konur á barneignaraldri, þungaðar konur eða konur sem grunur leikur á að séu þungaðar ættu að nota dýralyfið með mikilli varúð til að forðast sjálfsinndælingu fyrir slysi.

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins hjá nautgripum og svínum á meðgöngu, við mjólkurgjöf eða hjá dýrum sem ætluð eru til undaneldis. Rannsóknir á kanínum og rottum með hjálparefninu N-metýlpýrrólídón hafa sýnt fram á eiturvekanir á fóstur. Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings-áhættumati dýralæknis.

Eftir ofskömmtun hefur komið fram minnkuð fóður- og vatnsneysla, minnkuð þyngdaraukning og einnig hafa komið fram uppköst.

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

Ef lyfið er notað á annan hátt en mælt er fyrir um í samantekt um eiginleika lyfsins getur það aukið algengi baktería sem eru þolnar gagnvart flórfeníkóli og dregið úr virkni meðferðar með öðrum amfeníkólum vegna hugsanlegs víxlþols.

Notkun dýralyfsins getur skapað hættu fyrir plöntur á landi, blábakteríur og grunnvatnslífverur.

## 13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EDA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Farga skal öllum ónotuðum dýralyfjum eða úrgangi vegna dýralyfja í samræmi við gildandi reglur. Dýralyfið má ekki berast í vatnsföll þar sem florfenicol getur verið hættulegt fiski og öðrum vatnalífverum.

## 14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

28. mars 2024

## **15. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Askja með einni 50 ml flösku.

Askja með einni 100 ml flösku.

Askja með einni 250 ml flösku.

Pakkning með 10 100 ml flöskum.

Pakkning með 10 250 ml flöskum.

Pakkning með 12 100 ml flöskum.

Pakkning með 12 250 ml flöskum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.